

**Sp.**

## **140. Tillaga til þingsályktunar**

um áætlun um kostnað við raforkuveitur í Suður-Þingeyjarsýslu.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi felur ríkisstjórninni að láta kunnáttumenn gera áætlun um, hvað stofnkostnaður mundi hafa orðið sumarið 1939 við raforkuleiðslu frá Laxárfoss-um til allra heimila í Suður-Þingeyjarsýslu, að frátöldum Flateyjardal og Flatey á Skjálfanda. Miða skal við það, að hvert heimili hefði fengið næga raforku til ljósa, hitunar, suðu og til iðnþarfa. Enn fremur skal áætla, hve mikla stækkun og hve dýra hefði þurft að gera á Laxárvirkjuninni vegna framan greindra raforku-framkvæmda í Þingeyjarsýslu.

### **G r e i n a r g e r ð .**

Á Alþingi síðast liðið sumar var raforkumáli landsmanna beint inn á nýjar brautir með þingsályktun, sem var byggð á þeirri hugsun, að ríkið yrði með tíð og tíma aðalframleiðandi raforku á Íslandi og seldi öllum heimilum raforku með lægsta framleiðsluverði þéttbýlisins. Tillaga þessi var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Með því var af hálfu Alþingis mörkuð ný og merkileg stefna í málinu. Verði henni framfylgt, eins og til stendur, verður raforka með viðráðanlegu verði til sölu til heimilisþarfa hvarvetna á landinu. Myrkur og húskuldi heyrði þá til horfnum tíma. Auk þess mundi raforkan gerbreyta vinnubrögðum og heimilis-háttum allra landsmanna.

Nefnd sú, sem Alþingi kaus í sumar sem leið til að gera tillögur og athugun um raforkumál, hefur nú þegar starfað allmikið, þó að ekki séu frá henni komnar opinberar skýrslur. Eitt af þeim viðfangsefnum, sem hún hefur haft með höndum, er það, hvort betur muni henta að hafa raforkuverin mörg og smá eða fá og stór og leiða orkuna um stór svæði á landinu.

Það má telja fullvist, að við á landinu verður að grípa til stórvirkjana. Svo er háttáð á Norðurlandi. Líkur benda til, að ef fullnægja ætti allri hita- og orkuþörf

Norðlendinga bæði í byggðum og bæjum, þá mundi verða að leiða meginhluta aflsins frá Laxá í Þingeyjarsýslu. Í Húnaþingi, Skagafirði, Eyjafirði og Norður-Þingeyjarsýslu eru ekki hentug virkjunarskilyrði, ef mikils þarf með, nema í Jökulsá á Fjöllum, en sú á er ekki hentug nema fyrir virkjun vegna stóriðnaðar.

Laxá í Þingeyjarsýslu og Sogið eru þau fallvötn á Íslandi, sem auðveldast er að virkja með hóflegum tilkostnaði, og er aðstaðan frábærlega góð á háðum stöðum. Frá Laxárfossum er einkar hentugt að leiða raforku um alla Suður-Þingeyjarsýslu. Orkuverið er svo að segja á krossgötum í miðri sýslunni. Þar mætast fjórir dalir: Laxárdalur, Reykjadalur, Aðaldalur og Reykjahverfi. Raforkulínan úr Reykjahverfi liggur síðan til Húsavíkur og um Tjörnes og á sama hátt frá efstu bæjum í Laxárdal kringum Mývatn. Raforkulína Akureyrar liggur yfir Skjálfandafljót, þar sem mætast Bárðardalur og Kaldakinn, síðan um Ljósavatnsskarð og yfir miðjan Fnjóskadal, þaðan yfir Vaðlaheiði á Svalbarðsströnd. Frá þessari aðal-  
taug yrðu síðan lagðar orkuveitur um Bárðardal, Kinn, Fnjóskadal og eftir Svalbarðsströnd um Höfðahverfi til Grenivíkur.

Engin sýsla á landinu liggur frá náttúrunnar hendi jafnvel við rafveitu um allar byggðir og Suður-Þingeyjarsýsla. Þar sem raforkumálið er nú komið á dagskrá og stefnt að framkvæmdum í náinni framtíð, hefur mér þótt henta, að gerð væri af rafmagnseftirliti ríkisins yfirlitsáætlun um, hve mikið mundi hafa kostað rétt fyrir stríðið að byrgja þessa sýslu með rafmagni eins og frekast var þörf til. Af þeirri athugun geta menn annars staðar á landinu gert sér nokkra grein fyrir kostnaði við slíkar veitur um heil byggðarlög.

Um eina af þeim sveitum, sem hér ræðir um, Mývatnssveitina, má segja, að það hefði alveg sérstaka þýðingu, ef unnt væri sem allra fyrst að leiða raforku á öll heimili. Ungu fólkkið vill ekki fara burt úr sveitinni, en ræktunarskilyrði eru þar víðast hvar mjög erfið. Hins vegar er ekki annað sýnilegt en að margbreyttur iðnaður mundi rísa upp við Mývatn, ef þar væri fáanleg raforka á öllum heimilum. Tækist að efna til iðnrekstrar á heimilum í einni sveit, mundi því fordæmi fylgt víðar, eftir því sem raforkan kæmi til fleiri héraða. Með því móti mætti létta á öðrum stöðum hér á landi, þar sem fólk hefur þyrpzt saman án þess að nægileg atvinnuskilyrði væru fyrir hendi.